


- SKÝRINGAR**
- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆDIS
 - AFMÖRKUN BREYTINGA
 - LÓÐAMÖRK
 - NÚVERANDI BYGGÐ
 - BYGGINGARREITUR
 - BYGGINGARREITUR BÍLGEYMSLU
 - NEÐANJARÐAR, 35 og 37
 - BORGARLÍNUSTÖÐ
 - TENGIBÝR
 - BUNDIN BYGGINGARLÍNA
 - TENGINGANGAR OG NEÐANJARÐARMANNVIKI
 - FJARLEGDAR BYGGINGAR
 - P BÍLGEYMSLA / BÍLSTÆÐI
 - HJ REIÐJÓLAGEYMSLA
 - L LEIKSVÆÐI
 - MEGIN INNGANGAR
 - MEGIN AÐKOMUR
 - 37 NÚMER VÍSA Í SÉRSKILMÁLA GREINARGERÐAR
 - 5H HÁMARKSHÆÐAFJÖLDI BYGGINGA



Forsendur - úr greinargerð gildandi deiliskipulags

Sóleyjartorg liggur á milli Hrafnsgötu og Burknagötu. Vestanmegin er meðferðarkjarni (MFK) sem er í byggingu, en að austanverðu er gert ráð fyrir dag-, göngu- og legudeild (DGL) sem er samkvæmt deiliskipulagi hluti af 2. áfanga. Heildarsvæðið er opið til norðurs og suðurs. Norðan við er Hrafnsgata og gamli Landspítalinn í öndveg. Sunnan við er Burknagata og gert er ráð fyrir Borgarlínustöð við aðkomu að spítalanum. Torgið er um 44,4 m á breidd 80 m á lengd og er um 3.550 m² að stærð.

Í samkeppnistilögu sem skipulagið byggir á frá 2010 er eftirfarandi lýsing á „Aðaltorgi“, síðar kallað Sóleyjartorg. Þessi lýsing á enn við:

Gamla Landspítalanum er gefið andrými og aukin vægi sem höfuðbygging við aðaltorgið á milli Landspítalassvæðisins. Þar mestast allar umferðarleiðir svæðisins og almenningsvagnar stoppa. Torgið tekur upp hæðarmun í landi með stöllum og skrábrautum. Aðalinnangangur helstu bygginga eru frá torgi eða í tengslum við það.

Samkvæmt samþykktri deiliskipulagsbreytingu Sóleyjartorgs frá apríl 2022 var nyrsta hluta þvergotunnar Blöðbergsgötu norðan Burknagötu lokað og akstursaðkomu að bílgeymslu undir Sóleyjartorg komið fyrir. Bílgeymslan er fyrir sjúklinga og gesti. Að öðru leyti eru staði í götum og við Sóleyjartorg. Innkeyrsan í bílgeymsluna er hluti af eiginlegri heildarhönnun lóðarinnar þar sem bílaumferð er mildu með landmótun og umhverfisaðgerðum.

Greinargerð deiliskipulagsbreytingar

Breytt deiliskipulag nær til Sóleyjartorgs vegna tilfærslu stiga- og lyftuhúss. Sóleyjartorgi er skipt í fjögur svæði eftir áherslum í notkun:

- Efra torg við Hrafnsgötu er rölegt og öruggt dvalar-, upplifunar- og leiksvæði fyrir börn og fullorðna ásamt hluta tröppumannavirkis sem tengist aðalinnangangi, móttöku, mótuneyti og kaffteriu MFK sem liggur við Hrafnsgötu, um 550m². Undir efra torginu er aðalhljálageymsla fyrir starfsmenn spítalans.
- Miðtorg er rampa- og tröppusvæði útfært set-, dvalar- og upplifunarsvæði framan við anddyrisbyggingu MFK um 750m².
- Aðkomusvæðið við aðalinnangang meðferðarkjarna ásamt sérstöku innangi bráðamóttöku með hringakstri og sleppistæðum í neyðareringum. Einnig er aðkomu í ramp bílajakallans sem og nýtt lyftu- og stíghús á svæðinu sem er um 1.600m².
- Suðursvæði myndast milli Borgarlínustöðvar og lyftu- og stíghúss og er vistlegt aðkomu- og dvalarsvæði með áherslu á gróður og götugögn um 600m².

Meginmarkmið á hönnun torgsins gengur út á að skapa samhengi, heild og flæði um allt torgið með áherslu á öruggt og greitt aðgengi almennings og eftir atvikum lögreglu í neyðareringum. Einnig byggja undir fjölbreytileika og mismunandi upplifun í öruggu umhverfi fyrir gangandi og akandi, tryggja skýra hönnun með tilliti til rötunar í umhverfi sem hentar starfsfólki, sjúklingum og aðstandendum, borgarbúum og öðrum gestum.

Mikilvægt er að öll hönnun og útfærsla á yfirborðsefnum og götugögnum torgsins séu einföld að gerð, að hönnun hindri hvorki flæði né skapi hættu fyrir þá sem elga erindi inn á torgið í neyðareringum.

Staðsetning og form hýsis yfir stiga- og lyftuhúss miðsvæðis á sunnanverðu Sóleyjartorgi

Tilfærslur eru gerðar frá fyrra skipulagi á stigatengingu milli sunnanverðs Sóleyjartorgs og bílgeymslu undir Sóleyjartorgi (nr. 37). Breytingin gerir ráð fyrir lyftu- og stigaöngengi á sér byggingareit undir hýsi yfir nýjan yfirbyggingar tröppuöng og lyftu sem tengir báðar hæðir bílajakallara við yfirborð torgssvæðisins norðan Borgarlínustöðvar á Burknagötu. Um leið heist aðgengi starfsmanna spítalans greitt í Meðferðarkjarninum (MFK) K1, aðgreint frá aðalinnangangi / anddyrisbyggingu, sem styður við eina af meginforsendum í hönnun MFK um aðskilnað á öllu flæði.

Sérskilmálar fyrir hýsi yfir stiga- og lyftuhúss

Hýsið er almennt léttbyggt og skal skýggja sem minnst á aðalbyggingu Landspítalans. Þak skal vera léttbyggt og mynda skýggni yfir lyftudurum. Veggir eru úr gleri. Gert er ráð fyrir að hægt sé að mynda tímabundnar útfærslur á skýggimyndun með setaðstöðu við hýsið með léttum færanlegum götugögnum, t.a.m. bekkjum og sóltjóðum, allt eftir árstíðum og aðstæðum hverju sinni.

Hjólageymsla

Undir efri hluta Sóleyjartorgs er komið fyrir hjólageymslu. Um hjólageymslu gilda sérskilmálar fyrir hjólageymslur nr. 36, sbr. gr. 5.13 í greinargerð deiliskipulags.

Endanlegt samþykki á útfærslu á Sóleyjartorgi

Vinna skal endanlega hönnun Sóleyjartorgs í samstarfi við sérfræðinga á skrifstofum skipulagsfulltrúa og samgöngustjóra, og bera niðurstöður undir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar.

Að öðru leyti gildir Deiliskipulag NLSH/SPITAL staðfest í B deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013 þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum, stefnu og skilmálum fyrir deiliskipulagið og forsendum aðalskipulags.



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 20. mars 2025 og í emb. apr. í skipulagsfulltrúa þann 15. maí 2025.
Tilgan var auglýst frá 27. mars 2025 með athugasemdafrest til 13. maí 2025.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 7. júlí 2023.

Engar athugasemdir bárust við hlöðuna á auglýsingartíma og var hún því afgreidd endanlega.

á emb. apr. í skipulagsfulltrúa þann 15. maí 2025

NÝR LANDSPÍTALI

SPITAL

LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: **DEILISKIPULAGSBREYTING**

MÆLIKVARÐI: **1:1000**

DAGSETNING: **6. mars 2025**

TEIKNARNÚMÉR: **30016**

Þorkeil Magnússon, arkitekt, kt 0903646939